

Jón Þór Sigurðsson, frumkvöðull.

Jón Þór er stofnandi fyrirtækisins Saniterra, og vinnur að þarfagreiningu og útfærslu lausna á þjónustu við ferðamenn á fjölförnum áningarstöðum á Norðurlandi, frá Hvammstanga og austur að Múlþingi.

Fyrirtækið stefnir á uppsetningu sjálfvirkra salerna og þjónustumiðstöðva á fjölförnum ferðamannastöðum, stærri áningarstöðum og í bæjum. Áhersla er lögð á landvernd, náttúruvernd, jafnt aðgengi fyrir alla, þjónustu við viðskiptavinum í hæsta gæðaflokki, sjálfbærni reksturs, lágmarkað kolefnisspor og nýtingu endurvinnanlegra efna. Kolefnishlutleysi er eitt af lykilhugtökum fyrirtækisins.

Menntun

1999-2002 Nám til stúdentsprófs á félagsfræðibraut við Framhaldsskólann á Laugum.

2019-2021 Nám á forritunarbraut NTV.

2021 – nú BS nám í sálfræði við HÍ.